



Fréttatilkynning 29. apríl 2024

Skref stigið í átt að orkuskiptum í þungaflutningum á landi

Fimm íslensk fyrirtæki hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á vetnisknúnum MAN hTGX vöruflutningabílum. Um er að ræða dráttarbíla af stærstu gerð, 44/49 tonn. Orka náttúrunnar (ON) framleiðir á Hellisheiði vetni til að knýja bílana og Blær Íslenska vetnisfélagið dreifir því. Með þessu sameinast framleiðandi og innflytjandi bílanna, viðskiptavinir og fyrirtækin sem framleiða og dreifa orkugjafanum um eitt stærsta orkuskiptaverkefni á Íslandi.

Unnið hefur verið að samningum um innflutning bílanna og viljayfirlýsingu um kaup á þeim undir verkstjórn Íslenskrar NýOrku í um 18 mánuði, en Íslensk NýOrka var stofnuð 1999 í tengslum við viljayfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands um að stefna að nýtingu endurnýjanlegra orkubera til samgangna.

Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar NýOrku:

„Hér er um að ræða eitt stærsta einstaka orkuskiptaverkefnið í sögu þjóðarinnar. Eldsneytisnotkun 20 dráttarbíla jafnast á við ríflega þúsund fólksbíla og áætla má árlegan sparnað af bruna 700 þúsund lítra af dísilolíu. Með innflutningi bílanna og kaupum á þeim er stórt skref stigið í átt að orkuskiptum í þungaflutningum á Íslandi. Næstu skref eru að tryggja bæði framboð og samkeppnishæft verð á vetni til nota í samgöngum þannig að full orkuskipti geti átt sér stað.“

Skrifað var undir viljayfirlýsinguna um kaup á bifreiðum í Hellisheiðarvirkjun þar sem vetnisframleiðsla ON fer fram kl. 15:30 í dag. Kraftur er umboðsaðili MAN á Íslandi, en fyrirtækin sem kaupa fyrstu bílana eru BM Vallá, Colas, MS, Samskip, og Terra. Í tengslum við kaupin á bílunum byggir Blær nýja vetnisstöð sem veitt getur bæði vörubílum og fólksbílum þjónustu.

Kraftur hefur tryggt sér til afhendingar 20 bíla, til afhendingar á næsta og þarnaæsta ári. Fyrstu bílarnir eru væntanlegir vorið 2025. Vonir standa til að fleiri fyrirtæki kjósi að taka í notkun losunarfría vörubíla af stærstu gerð. Á árinu 2025 eru bílarnir aðeins fáanlegir í svokallaðri 6:2=2 útgáfu (8 hjóla) en 6:4 (10 hjóla) trukkurinn verður til afhendingar frá upphafi árs 2026.

Friedrich Baumann, yfirmaður sölu- og viðskiptamannalausna

í framkvæmdastjórn MAN Truck & Bus:

„Við leggjum áfram áherslu á rafmagnsbíla til að draga úr útblæstri frá vegaflytningum. Kostir þeirra í samanburði við aðra vélakosti eru augljósir vegna orkunýtingar og kostnaðar við orku og rekstur. Vörubílar knúnir vetnisbrennsluvélum eru hins vegar hentug viðbót fyrir sértæka notkun og markaði. Með því að byggja á þekktri tækni komumst við snemma inn á markaðinn og ýtum undir uppbyggingu vetnisinnviða. Núlllosunarkostir okkar hafa nú fengið aðlaðandi viðbót með hTGX.“

Björn Erlingsson framkvæmdastjóri Krafts:

„Við hjá Krafti, umboðsaðila MAN á Íslandi, erum ákaflega stolt og ánægð með að MAN bílaverksmiðjurnar hafi valið okkur og þar með Ísland til að taka þátt í þessu frábæra verkefni. Okkur vitanlega er þetta í fyrsta sinn sem svo stór bílaframleiðandi velur Ísland í svona tímamótaverkefni, sem getur haft svo mikil áhrif á orkuskiptin. Við viljum þakka

Jóni Birni Skúlasyni hjá Íslenskri NýOrku sérstaklega fyrir hans ötula starf við að koma þessu á koppinn.“

Gísli Þór Arnarson framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa:

„Áhersla á sjálfbærni er innbyggð í kjarnastefnu Samskipa og afskaplega ánægjulegt að vera í hópi þeirra fyrirtækja sem taka þetta mikilvæga skref í átt að orkuskiptum í þungaflutningum á landi. Til að árangur náist þarf að tryggja bæði framboð og samkeppnishæfni orkugjafans við jarðefnaeldsneyti og leggjumst við á árar með viðleitni til þess með því að taka þessar bifreiðar í notkun.“

Guðmundur Ingi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blævar:

„Við hjá Blæ höfum yfir tuttugu ára reynslu af rekstri vetnisstöðva í gegnum vetnisverkefni Orkunnar og Skeljungs. Við fögnum því að með þessu verkefni eru stigin risavaxinn skref í notkun vetnis í landssamgöngum sem mun án nokkurs vafa hafa ruðningsáhrif á notkun vetnis á næstu árum.“

Hólmfríður Haraldsdóttir, sérfræðingur í orkumiðlun hjá Orku náttúrunnar:

„Orka náttúrunnar hefur verið leiðandi í orkuskiptunum og fyrirtækið er meðvitað um að orkuskiptin þurfi að fara fram á fleiri en einn máta. Orka náttúrunnar er eini vetnisframleiðandi Íslands. Vetnisstöðin VON sem er staðsett við Hellisheiðarvirkjun, hefur frá árinu 2020 framleitt vetni sem nýtt er í samgöngur. Afkastageta VONar er um 100 tonn af vetni á ári sem er nægilegt magn til að anna um það bil 800 vetnisfólksbifreiðum á ári eða um sex til átta vetnistrukkum. Orka náttúrunnar fagnar þessu verkefni og þessu mikilvæga skrefi í átt að aukinni notkun á vetni í samgöngum á Íslandi. Við sjáum fyrir okkur að VON verði vonandi góður stökkpallur fyrir áframhaldandi orkuskipti með vetni.“

Pálmi Vilhjálmsson forstjóri Mjólkursamsölunnar, MS:

„MS leggur höfuðáherslu á verndun náttúru og sjálfbærni í sínum rekstri og vill vera í fararbroddi í orkuskiptum frá jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega og ómengandi orkugjafa. MS fagnar því að eiga nú þess kost að knýja flutningabíla sína með vetni sem framleitt er úr endurnýjanlegri íslenskri orku og veldur ekki mengun við notkun.“

Sigurður Ólafsson, viðskiptaþróunarstjóri Linde:

„Linde er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu við framleiðslu, geymslu og dreifingu vetnis. Við erum afar stolt af því að geta lagt okkar af mörkum til orkuskiptanna og stutt Ísland við að ná metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum sínum.“

Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Colas:

„Colas hefur lengi verið þeirrar skoðunar að orkuskiptin verði ekki leyst eingöngu með rafmagni og rafhlöðum, heldur blöndu lausna þar sem vetni spilar mikilvægt hlutverk. Vetni hentar sérlega vel í rekstri þungra vinnuvéla og dráttarbíla af þyngstu gerð. Það er því með mikilli ánægju sem við leggjum af stað í þessa vegferð að taka inn dráttarbíl sem ekur á vetni. Verkefnið er hluti af hinni stóru mynd sem Colas hefur dregið upp af kolefnislausum rekstri og stutt af móðurfélagi okkar og verður fylgst með því af áhuga um alla Evrópu.“

Valgeir Baldursson, forstjóri Terra:

„Okkur er einstök ánægja að taka þátt í þessu verkefni, þar sem eitt af mikilvægustu verkefnum okkar hjá Terra er að hraða orkuskiptum bílaflota okkar og minnka þar með kolefnisspor félagsins. Við sjáum mikil tækifæri í vetnisknúnum bílum til framtíðar sem þátt í að ná sjálfbærnimarkmiðum Terra.“

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Eignarhaldsfélagsins Hornsteins:

„Við erum afar ánægð með að taka þátt í þessu tímamótaverkefni og stíga þar með mikilvægt skref í átt að orkuskiptum í bíla- og tækjafloða BM Vallár. Þessi ákvörðun er samofin stefnu okkar í umhverfismálum og markmiði um kolefnishlutleysi. Nú þegar höfum við náð tuttugu prósentu lækkun á kolefnisspori okkar og munu vetnisknúnir dráttarbílar með endurnýjanlegri orku leika stórt hlutverk í átt að kolefnishlutleysi.“

MAN tilkynnti um framleiðslu hTGX vetnisdráttarbifreiðanna í byrjun apríl. Um er að ræða bíla með brunahreyfli sem ganga fyrir vetni og öll umhirða og viðhald því sambærilegt við bifreiðar sem fyrirtæki hafa fyrir í rekstri. Í fyrstu verða framleiddir að minnsta kosti 200 bílar sem seldir verða í Þýskalandi, Hollandi, Noregi og Íslandi, auk valdra markaða utan Evrópu.

Drægni þessara bíla er allt að 600 kílómetrar sem gerir þá samkeppnishæfari við hefðbundna vörubíla knúna dísil. Vörubílar af þessari stærðargráðu eru með þeim ökutækjum sem nota mest eldsneyti og aka langar vegalengdir á ári hverju. Orkuskipti í þungaflutningum hafa því gríðarleg áhrif og vega þungt í samdrætti losunar á Íslandi.

Frekari upplýsingar veitir:

Jón Björn Skúlason, framkvæmdstjóri Íslenskrar NýOrku: skulason@newenergy.is

Sjá einnig:

Tilkynning MAN um framleiðslu og sölu MAN hTGX vörubifreiðanna:

<https://press.mantruckandbus.com/corporate/man-expands-its-zero-emission-portfolio/>